



Björgun ehf.
b.t. Gunnlaugs Kristjánssonar
forstjóra
Sævarhöfða 33
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03. júní 2009
Tilvísun: 2009020018
Bréfalykill: 22.12

Efni: Framlenging á leyfi Björgunar ehf. til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði, við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell.


Orkustofnun hefur borist með tölvupósti þann 2. júní 2009, erindi frá Björgun ehf., þar sem óskað er framlengingar á leyfi, dags. 16. mars 2009, til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði, við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell.

Með bréfi, dags. 2. júní 2009, sendi Orkustofnun erindi Björgunar ehf. til umsagnar Umhverfisstofnunar, sem lögbundins umsagnaraðila. Orkustofnun barst umsögn Umhverfisstofnunar með tölvupósti þann 3. júní 2009.

Drög að framlengingu á leyfi Björgunar ehf. til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði, við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell voru send Björgun ehf. til athugasemda með bréfi dags. 3. júní 2009. Í tölvupósti frá Björgun ehf. þann 3. júní 2009 er staðfest að fyrirtækið gerir ekki athugasemdir við framangreind drög að framlengingu leyfisins. Orkustofnun hefur kynnt sér efni framangreinds erindis Björgunar ehf. og umsögn Umhverfisstofnunar.

Með vísan til framangreinds framlengir Orkustofnun hér með leyfi, dags. 16. mars 2009, til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði, við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell til 1. júlí 2009.

Virðingarfyllst


Guðni A. Jóhannesson
orkumálastjóri

Afrit sent til:
Iðnaðarráðuneytis
Skipulagsstofnunar
Umhverfisstofnunar